



Fundargerð

Fundur í mennta og menningarmálanefndar Reykólahrepps
Þriðjudaginn 11. janúar 2010, kl. 16:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Samúelsson, Júlía Guðjónsdóttir skólastjóri, Björg Karlsdóttir leikskólastjóri, Steinunn Rasmus fyrir hönd kennara Reykólastkóla. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá . Skólastjóri grunnskólans lagði fram tvö mál. Þá var þá gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð fundar í mennta og menningarmálanefnd 22. nóvember 2010.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

2. Fjárhagsáætlun 2011

Fjárhagsáætlun lögð fyrir nefndina til kynningar. Nokkrar athugasemdir komu fram sem teknar verða til greina og lagðar fyrir hreppsnefnd

3. Stýrihópur um skólamál, skipun í stýrihóp.

Formaður nefndarinnar lagði fram tillögu að stýrihópi. Tillaga um einn fulltrúa frá hreppsnefnd, einn frá leikskóla, einn frá grunnskóla og 1 úr hópi foreldra barna í báðum skólum. Fimm manna nefnd. Tillagan samþykkt.

4. Málefni hlunnindasafnsins, tillögur frá skipaðri nefnd um framtíð safnsins.

Nefndin tekur jákvætt undir tillögurnar og fagnar því að byrjuð sé vinna í að efla safnamál á Reykólum.

Mál til kynningar:

5. Viðbrögð KÍ við greinargerð vinnuhóps mmrn. um greiningu á kostnaði við rekstur grunnskóla, erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 29.12.2010

Lagt fram til kynningar.

6. Af fundi um rekstrarhagræðingu, erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 29.12.2010.

Lagt fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver):

7. Tilfærsla á starfsdegi.

Beiðni skólastjóra grunnskóla á tilfærslu á starfsdegi frá 26. apríl 2011 fram til mánudagsins 28. febrúar 2011.

Samþykkt samhljóða.

8. Skyndihjálparnámskeið í grunnskólanum.

Skólastjóri grunnskólans lagði fram bréf þar sem henni er boðið er upp á skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn grunnskólans sem gæti nýst fleiri stofnunum sveitarfélagsins. Nefndin mælir með því við hreppsnefnd að hún hugi að þessum málum. Skólastjóra falið að leita tilboða.

Fundargerð lesin, fundi slitið 17:35

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____